

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að banna bifreiðastöður við norðurkant Brautarholts frá Ásholti að Stórholti.
2. Að banna bifreiðastöður við suðurkant Jaðarleitis.
3. Að banna bifreiðastöður við báða götukanta Efstaleitis milli Listabrautar og Bústaðavegar.
4. Að banna bifreiðastöður við báða götukanta í beygju í suðausturhorni lóðar Efstaleitis 1.
5. Að banna bifreiðastöður við báða götukanta við aktursleið meðfram aðalinngangi Efstaleitis 1 að undanskildum afmörkuðum bifreiðastæðum sem eru nyrst á lóðinni.
6. Að banna bifreiðastöður við báða götukanta á milli bifreiðastæða vestast á lóð Efstaleitis 1. Stöðubann skal merkt með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 31. maí 2019,*

**Hulda Elsa Björgvinsdóttir** staðgengill.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2019